



## Svæðisskipulagsnefnd SSA

Mætt; María Markúsdóttir (MP), Stefán Bogi Sveinsson (MP), Eydís Ásbjörnsdóttir (FB), Valur Sveinsson (FB), Gunnþórunn Ingólfssdóttir (FH), Lárus Heiðarsson (FH), Björn H. Sigurbjörnsson (VF) og Jóna Árný Þórðardóttir (Austurbrú) sem ritaði fundargerð.

Boðuð forföll: Díana Mjöll Sveinsdóttir boðaði forföll og varamaður var ekki laus til að koma inn á fundinn. Sara Elísabet Svansdóttir boðaði forföll og Teitur Helgason var boðaður í hennar stað en hafði ekki tök á að sitja fundinn.

Fundur 5. maí 2021 á TEAMS kl. 13:00-16:10

### Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár

Fundurinn var tekin upp og verður aðgengilegur nefndarmönnum á innri vef ásamt öðrum gögnum samanber upplýsingar frá JÁP.

#### 1. Kynningarfundur 3. Júní

Jóna Árný fór yfir skipulagið varðandi kynningarfund í júní í tengslum við aðalfund SSA. Áfram verður unnið að skipulagi þessa fundar í samráði við formann svæðisskipulagsnefndar.

#### 2. Kynning og yfirferð frá Alta á viðfangsefni þessa fundar sem er „Búseta og lífsgæði“

Matthildur Kr. Elmarsdóttir fór yfir smá upprifjun frá fyrri fundum og stýrði umræðum ásamt formanni. Fundarmenn tóku virkan þátt í umræðum um málefnið og líflegar umræður spunnust um nokkra efnispætti.

Matthildur mun taka saman minnisblað um helstu efnisatriði sem komu fram í umræðum og verður það aðgengilegt fundarmönnum á Teams rásinni.

#### 3. Næsti fundur

Næsti fundur verður um mánaðarmótin maí/júní og verður viðfangsefnið undirbúningur fyrir kynningarfund 3. júní. Jóna boðar fundinn þegar dagsetning liggur fyrir.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:10